

36  
15. júní

## LÖG

um

viðauka við lög nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Eftir 2. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum í landhelgi nje undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, er um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—1600 gullkrónum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*